

Ár 2006, fimmtudaginn 16. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli

nr. S-180/2006:

Ákærvaldið

*(Ólafur Helgi Kjartansson)*

gegn

Dagbjörtu Guðrínu Rúnarsdóttur

*(Sigurður Sigurjónsson hrl)* og

Guðmundi Ívan Róbertssyni

*(Hilmar Ingimundarson hrl)*

svofelldur

#### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem þingfest var þann 31. mars sl., var dómtekið 20. október sl. Málið er höfðað með tveimur ákærum lögreglustjórans á Selfossi, annarri dagsettri 21. febrúar 2006 á hendur Dagbjörtu Guðrínu Rúnarsdóttur, kt. 000000-0000, Skipholti 45, Reykjavík og Guðmundi Ívani Róbertssyni, kt. 000000-0000, Sambyggð 4, Þorlákshöfn, fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, mál S-180/2006 og hinni dagsettri sama dag á hendur ákærða Guðmundi Ívani Róbertssyni, X, kt. 000000-0000, B, Hvolsvelli og Y, kt. 000000-0000, C, Hellu, mál S-185/2006. Ákærða X gekkst undir viðurlagaákvörðun þann 13. júlí 2006 og ákærði Y þann 4. apríl 2006. Þáttur ákærða Guðmundar var því skilinn frá og sameinaður málinu S-180/2006.

Fyrri ákæran S- 180/2006 er

I

gegn ákærðu Guðmundi og Dagbjörtu fyrir fíkniefnabrot

a. með því að hafa föstudaginn 19. mars 2004 sameiginlega haft í vörslum sínum í íbúð á jarðhæð að Sambyggð 4 Þorlákshöfn, heimili ákærða Guðmundar Ívans og dvalarstað ákærðu Dagbjartar, alls 11,64 grömm af hassi, sem fundust við leit í snyrtitösku ákærðu á baðherbergi, 4,29 grömm af amfetamíni, sem fundust í

frystihólfi ísskáps og 0,58 grömm af tókbaksblönduðu hassi, sem ákærði Guðmundur framvísaði við leit lögreglu. Efnin þykja að verulegu leyti hafa verið ætluð til sölu í ágóðaskyni.

b. með því að hafa föstudaginn 19. mars 2004 selt Trausta Ægi Ólafssyni, kt. 000000-0000, 1.70 grömm af hassi fyrir 5.000 krónur, efnin afhenti ákærða Dagbjört á heimili Trausta Ægis að Reykjabraut 8, Þorlákshöfn að beiðni ákærða Guðmundar Ívans og tók hún við greiðslunni.

c. með því að hafa laugardaginn 13. mars 2004 selt Birni Sveinssyni, kt. 000000-0000, þrjú grömm af amfetamíni, efnin afhenti ákærði Guðmundur Ívan á Selfossi að beiðni ákærðu Dagbjartar.

## II.

gegn ákærðu Dagbjöрту með því að hafa selt fíkniefni á höfuðborgarsvæðinu og í Arnassýslu sem að neðan greinir:

a. Í nokkur skipti á árinu 2003 og í byrjun árs 2004 selt Bjarnþóri Sigurðssyni, kt. 000000-0000, nokkur grömm af hassi, sem ákærða afhenti honum í Reykjavík.

b. Um miðjan febrúar 2004 selt stúlku að nafni Arndís e-töflu (ecstasy) og þann 21. febrúar 2004 í símtali kl. 01:10 boðist til að útvega henni fleiri e-töflur.

c. 11. febrúar 2004, í símtali kl. 15:53 samið við ónafngreindan pilt um að selja honum 20 e-töflur, sem ákærða hafði í vörslu sinni, til afhendingar um kvöldið.

d. 13. febrúar 2004, í símtali kl. 22:07 samið við Björn Sveinsson, kt. 000000-0000, um að selja honum 10 e-töflur, sem ákærða hafði í vörslu sinni og afhenti Birni við heimili hans að Birkivöllum 13, Selfossi, laust eftir miðnætti þann 14. febrúar 2004.

e. 14. febrúar 2004 í símtali kl. 02:45 boðið ónafngreindum pilti amfetamín sem ákærða hafði í vörslu sinni.

f. 14. febrúar 2004 haft í vörslu sinni amfetamín sem ákærða bauð Birni Sveinssyni, kt. 000000-0000, til kaups í símtali kl. 06:58.

g. 15. febrúar 2004 selt stúlku að nafni Hildur sex e-töflur, sem ákærða afhenti við Berjaríma 14 í Reykjavík.

h. 19. febrúar 2004 selt Birni Sveinssyni, kt. 000000-0000, 7-8 e-töflur og 2 grömm af amfetamíni, efnin afhenti ákærða á heimili Björns að Birkivöllum 13, Selfossi.

i. 24. febrúar 2004 boðið ónafngreindum pilti til kaups amfetamín og hass í símtali kl. 21:30, og fyrir að hafa þá haft í vörslu sinni um fimm grömm af hassi.

j. Að kvöldi 27. febrúar 2004 í bifreiðinni DU 397 selt ónafngreindum karlmanni þrjú grömm af amfetamíni á 15.000 krónur.

k. 13. mars 2004 boðið Marvin Valdimarssyni, kt. 000000-0000, til kaups amfetamín sem ákærða hafði í vörslu sinni í bifreiðinni DU 397 við Engjaveg á Selfossi.

Telur ákærvaldið brot ákærðu beggja varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, sbr. lög nr. 68/2001 og 2. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001 sbr. reglugerð nr. 248/2002.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til að sæta upptöku á ofangreindum fíkniefnum (efnaskrá nr. 033-2004-20 og 21), tölvuvog og áhöldum til fíkniefnaneyslu sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001. Þá er þess krafist að ákærðu verði dæmd til að sæta upptöku á 5.000 krónum sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fyrir dómi játaði ákærði Guðmundur að hafa haft í vörslu sinni þau fíkniefni sem greinir í a lið I. kafla ákæru en neitar að hafa ætlað þau til sölu í ágóðaskyni. Ákærði Guðmundur neitar sök hvað varðar b- og c- lið I. kafla ákæru. Ákærða Dagbjört neitar sök.

Síðari ákæran er útgefin 21. febrúar 2006 í máli S-185/2006, á hendur ákærða Guðmundi Ívani Róbertssyni fyrir fíkniefnabrot:

I

með því að hafa síðdegis fimmtudaginn 12. janúar 2006 haft í vörslu sinni í bifreiðinni RK-562 á rampi við gatnamót Þorlákshafnarveggar og Eyrarbakkaveggar, alls 2,91 g. af hassi.

II

með því að hafa á sömu stund og stað og greinir í ákærulið I afhent meðákærðu X ofangreind fíkniefni gegn 4.500 kr. greiðslu.

Teljast brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 75/1982, 13/1985, 68/2001 og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærða Guðmundi Ívani verði gert með dómi að sæta upptöku á 4.500 krónum sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins, samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.

Ákærði neitar sök. Af hálfu verjanda ákærðu beggja er krafist sýknu utan þeirra ákæruliða er ákærði Guðmundur hefur játað fyrir dómi og kröfu um upptöku er

mótmælt. Auk þess er krafist málsvarnarlauna og að þau verði greidd úr ríkissjóði.

### **Málsatvik:**

Í janúar 2004 fékk lögreglan ítrekað upplýsingar um að ákærða Dagbjört væri í umfangsmikilli dreifingu á fíkniefnum á Árborgarsvæðinu og í Þorlákshöfn. Um væri að ræða hass, amfetamín og e-töflur og jafnvel fleiri gerðir fíkniefna. Við rannsókn málsins kom í ljós að ákærði Guðmundur Ívan tengdist meintu fíkniefnamisferli Dagbjartar og að hún dvaldi löngum stundum heima hjá ákærða Guðmundi í Þorlákshöfn.

Þann 29. janúar 2004 fékk lögreglan heimild til að hlusta og hljóðrita símtöl og skilaboð í talhólf síma er ákærða Dagbjört notaði auk þess að fá upplýsingar um úr og í hvaða símanúmer var hringt og send eða móttækin sms skilaboð úr og í símanúmer ákærðu Dagbjartar. Þann 9. mars 2004 fékk lögreglan aftur heimild til að fylgjast með sínum ákærðu. Með úrskurði uppkveðnum 26. febrúar 2004 fékk lögreglan heimild til að koma fyrir hljóðupptökutæki í bifreið ákærðu og taka upp samtöl sem þar fóru fram án vitneskju þeirra sem hlut áttu að máli. Með úrskurði 16. febrúar 2004 fékk lögreglan heimild til húsleitar hjá ákærða Guðmundi. Með úrskurði 20. febrúar 2004 fékk lögreglan heimild til að leita í herbergi ákærðu Dagbjartar á Hótel Geysi og sama dag fékkst húsleitarheimild hjá eiginmanni ákærðu Dagbjörtu að Þórsstötu 20, Reykjavík. Við húsleit í herbergi ákærðu Dagbjartar í hótelherbergi á Hótel Geysi fannst ekkert og við húsleit að Þórsstötu 20, Reykjavík fannst ekkert. Með úrskurði uppkveðnum 9. mars 2004 fékk lögreglan leitarheimild í bifreið ákærðu Dagbjartar. Með úrskurði uppkveðnum 18. mars 2004 fékk lögreglan heimild til húsleitar að Reykjabraut 8, Þorlákshöfn hjá Trausta Ægi Ólafssyni. Með úrskurði 20. mars 2004 var ákærða Dagbjört úrskurðuð í gæsluvarðhald til 25. mars s.á.

Símar ákærðu Dagbjartar voru hlustaðir og vegna upplýsinga sem þar komu fram fékk lögregla húsleitarheimildir.

Þann 19. mars 2004 fylgdist lögregla með þegar ákærða Dagbjört fór frá Sambyggð 4, Þorlákshöfn að Reykjabraut 8 s.st. Fór ákærða þar inn og kom út að vörmu spori aftur. Var hún þá handtekin og fundust á henni 5.000 krónur. Í beinu framhaldi voru afskipti höfð af Trausta sem viðurkenndi að hafa keypt tvö grömm af hassi af ákærðu í umrætt sinn og greitt henni 5.000 krónur fyrir. Afhenti Trausti lögreglunni fíkniefnin. Í framhaldi var farið í húsleit á heimili ákærða Guðmundar að Sambyggð 4, í Þorlákshöfn. Áður en húsleit hófst og að ábendingu lögreglu vildi ákærði framvísa tóbaksblönduðu hassi sem var í skál í stofuskáp en upplýsti að engin önnur fíkniefni væru í íbúðinni. Við húsleit fundust fíkniefni í frystihólfi ísskáps. Ofan á kómmóðu í baðherbergi fannst snyrtitaska fyrir konur og innan um snyrtivörurnar var lítill plastpoki og í honum litlir brúnir molar. Sagði ákærði að ákærða Dagbjört væri eigandi töskunnar en hann eigandi hassmolanna. Á stofuborði var lítill hvítur matardiskur með ætluðum hvítum efnisleifum og sagði ákærði Guðmundur að efnisleifarnar væru amfetamín. Á stofuborði voru ennfremur margir litlir plastpokar, samskonar og fundust í frystihólfinu. Í náttborðsskúffu fannst mikið magn af eins plastpokum og voru á stofuborðinu.

Í skýrslu hjá lögreglu þann 20. mars 2004 upplýsti ákærði Guðmundur að hann byggi einn að Sambyggð 4, Þorlákshöfn en ákærða Dagbjört væri góður vinur hans

og væri endrum og eins hjá honum og gisti stundum. Sagði ákærði að Dagbjört ætti umrædda snyrtitösku sem lögreglan lagði hald á við húsleitina en hann hafi sett hassmolana í snyrtitöskuna rétt fyrir kl. 16.00 þann sama dag, en hassmolarnir hafi legið á kommódunni við hlið töskunnar og hafi ákærði sett molana ofan í töskuna til að þeir lægju ekki á glámbekk. Sagðist ákærði síðan hafa lokað töskunni. Sagði ákærði að hann teldi að ákærða Dagbjört hafi ekki vitað af hassmolunum í snyrtitöskunni né hafði hann sagt henni frá því að hann hafi sett þá þangað. Ákærði viðurkenndi að eiga amfetamíníð sem fannst í frysti í eldhúsinu, hann hafi sett það í frystinn deginum áður. Sagði ákærði að ákærða Dagbjört hafi ekki vitað af amfetamíninu í frystinum þar sem hún hafi verið í ljósatíma þegar hann setti það þar. Ákærði sagðist eiga kannabis- og tóbaksblönduna sem fannst í stofuskápnum við leit lögreglu og það hafi verið þar sl. tvo daga. Vissi ákærði ekki til þess að ákærða Dagbjört hefði vitneskju um það efni. Ákærði sagði að hvítu efnisleifarnar væru eftir að hann hafi verið að skoða amfetamíníð sem fannst í frystinum en hann hafi hellað því á diskinn, skoðað það og síðan sett í pokann aftur og sett í frystinn.

Ákærði Guðmundur var spurður um það hvort hann hefði vitað um fíkniefnaviðskipti ákærðu Dagbjartar og Trausta en hann neitaði því. Sagði hann að hann hefði beðið ákærðu að fara til Trausta og sækja myndbandsspólu, „Blow“ sem ákærða hafði lánað Trausta. Ákærði neitar að hafa átt í fíkniefnaviðskiptum við Trausta en þeir hafi þó reykt saman kannabis af og til í gegnum tíðina. Ákærði var spurður um það hvers vegna litlir plastpokar, grammavog og sellófanplast hafi verið í íbúð ákærða. Sagðist hann hafa keypt vogina fyrir nokkru síðan en muni ekki af hverjum en hann ætlaði vogina í að vigta púður í byssukúlur. Pokana hafi hann keypt í Rekstrarvörum fyrir 3-4 vikum en hann hafi ætlað að geyma í þeim skrúfur, bolta og tölur. Sellófanplastið hafi haft þann tilgang að mætta þætti gaman að leika sér með það. Ákærði neitar að gefa upplýsingar um það frá hverjum fíkniefnin sem fundust í íbúð hans hafi stafað en sagðist skulda þeim sem létu hann hafa efnin. Hann hafi fengið grammið af hassinu á tvö þúsund krónur en grammið af amfetamíninu á fimm þúsund krónur. Ákærði neitaði því að hafa nokkurn tíma orðið var við að ákærða Dagbjört noti fíkniefni, handleiki þau eða dreifi þeim og seldi.

Varðandi ákæruliði I og II í síðari ákærinni neitar ákærði Guðmundur sök.

Í upplýsingaskýrslu lögreglunnar dags. 13. janúar 2006 kemur fram að lögreglan hafi farið á ómerktum bíl og séð til ferðar JV-203 þar sem bifreiðinni var ekið inn á Selfoss af Suðurlandsvegi en grunur var um væntanleg kaup á fíkniefnum. Var bifreiðinni veitt eftirför að gatnamótum Eyrarbakkegar og Þorlákshafnarveggar en þar sá lögreglan kyrrstæða bifreið á nokkurs konar rampi á Þorlákshafnarvegi við gatnamótin. Sá lögreglan hvar stúlka fór úr farþegasæti JV-203 og inn í bláa fólksbifreið og virtist sem beðið væri eftir bifreiðinni JV-203. Stansaði stúlkan mjög stutt inn í fyrrgreindri bifreið. Lögreglan fylgdist með bifreiðinni JV-203 og þegar hún var stöðvuð á Eyrarbakkegar kom í ljós að Þóra Ólafsdóttir og Halldór Hrafn Guðmundsson voru í þeirri bifreið. Í samtali við lögreglu á staðnum viðurkenndi Þóra að hafa verið að kaupa hass af ákærða Guðmundi skömmu áður. Í handtösku X fannst hassmoli vafinn inn í sellófan. Við öryggisleit á X í framhaldi fundust tveir hassmolar sem Þóra hafði komið fyrir í öðrum skó sínum. Sagði hún hjá lögreglu að hún hefði keypt þrjú grömm af hassi skömmu áður af ákærða Guðmundi og greitt 4.500 krónur fyrir. Undir rekstri málsins viðurkenndu Þóra og Halldór brot sitt og gengu frá viðurlagaákvörðun fyrir dómi. Komu þau ekki fyrir

dóm sem vitni í máli þessu.

Í framhaldi af handtöku X og Y var ákærði Guðmundur handtekinn. Í skýrslu hjá lögreglu sagði ákærði að hann hefði hitt frænku sambýliskonu sinnar, X þarna á gatnamótunum og að þau hafi verið að ræða mjög persónulegt mál sem ákærði gæti ekki greint frá hér og nú hvað hafi verið. Neitaði ákærði að hafa útvegar X fíkniefni í það skiptið eða nokkurn tíman áður.

Ákærði kom fyrir dóminn. Aðspurður um þann lið ákærunnar í máli S-185/2006, þar sem hann er ákærður fyrir að hafa haft í vörslum sínum hass þann 12. janúar 2006 þá kannaðist ákærði ekki við það. Kannaðist ákærði ekki við að hafa selt X og Y hass þennan umrædda dag. Kannaðist ákærði við að hafa verið handtekinn þennan dag vegna gruns um sölu og dreifingu á fíkniefnum en hann hafi verið að vinna og því hafi þetta komið mjög óvænt.

Ákærði var spurður um ákærulið í málinu S-180/2005. Sagðist ákærði kannast við ákæruliði í ákærunni, hann játaði þær vörslur fíkniefna sem honum voru gefnar að sök í ákærunni, ákærulið I, a og fundust að Sambyggð 4, Þorlákshöfn. Neitaði hann því að ákærða Dagbjört hafi nokkuð með þau efni að gera. Aðspurður um að 11,64 grömm af hassi hafi fundist í snyrtitösku ákærðu Dagbjartar sagði ákærði að hann hefði sett fíkniefnin þar sjálfur án hennar vitundar. Ákærði neitaði því að fíkniefnin hafi verið ætluð til sölu. Aðspurður um það hvers vegna hann hafi sett hassið í snyrtitösku ákærðu Dagbjartar sagði ákærði að hann hafi verið að fara að vinna og ekki viljað hafa efnið á glámbekk. Hann hafi ekkert hugsað út í það að hann væri að setja efnið í tösku sem annar átti.

Ákærði neitaði að hafa selt Trausta Ægi Ólafssyni fíkniefni eins og greinir í b lið I. kafla ákærunnar.

Ákærði neitaði einnig að hafa selt og afhent Birni Sveinssyni þrjú grömm af amfetamíni samkvæmt c lið I. kafla ákærunnar.

Ákærða Dagbjört gaf skýrslu fyrir lögreglu þann 20. mars 2004.

Neitaði hún þar að hafa átt erindi á heimili Trausta Ægis Ólafssonar í þeim tilgangi að afhenda honum fíkniefni, hún hafi verið að sækja þangað myndbandsspólu, „Blow með Jhonny Deep,“ en Trausti hafi verið með þessa spólu í láni hjá ákærðu. Hún útskýrði það að hún hafi haldið á fimm þúsund króna seðli með því að þetta hafi bara verið peningurinn hennar, hún hafi ekki verið með neina vasa til að geyma hann í, þetta hafi bara verið launin hennar frá Hótel Geysi. Sagði ákærða að Trausti væri kunningi hennar en hún viti lítið um hann. Aðspurð um það hvort hún þekkti ákærða Guðmund sagðist hún þekkja hann en vildi ekki tjá sig um tengsl sín við hann. Ákærða kannaðist ekki við að Trausti hefði fengið hjá henni hass og fengið greitt fyrir það skömmu fyrir handtöku hennar 19. mars 2004. Aðspurð um snyrtitösku sem fanns á baðherbergi hjá ákærða Guðmundi sagðist ákærða eiga töskuna og innihald hennar en kannaðist ekki við 13 ætlaða hassmola sem voru í töskunni. Vildi ákærða ekki tjá sig um það hver ætti hassið. Sagðist ákærða hafa verið að geyma hassið fyrir aðila sem hún vildi ekki segja hver væri en hún hafi verið búin að gleyma því að hassið hafi verið í töskunni. Ákærða sagðist ekki muna

hvort hún hefði sett hassið sjálf í töskuna og hún muni ekki hvenær hassið fór í snyrtitöskuna. Neitaði ákærða að tjá sig frekar um það hass sem fannst í snyrtitösku hennar.

Ákærða neitaði að kannast við amfetamín sem fannst í frystiskápnum í eldhúsi ákærða Guðmundar né kannaðist hún við tóbaksblandað kannabisefni sem fannst í stofuskáp í Sambyggð 4. Neitaði ákærða að hún kannaðist við hvítar efnisleifar og teskeið sem fannst á stofuborðinu í Sambyggð 4. Aðspurð um Björn Sveinsson, Birkivöllum 13, Selfossi sagðist ákærða kannast við hann, hann væri kunningi hennar. Þegar borið var undir ákærðu að Björn hefði við yfirheyrslu viðurkennt að hafa keypt af ákærðu sem jafnframt hafi afhent honum þann 19. febrúar 7-8 e-töflur auk tveggja gramma af amfetamíni og að hann hafi einnig keypt af ákærðu þann 13. mars s.l. þrjú grömm af amfetamíni sem hún afhenti sjálf neitaði ákærða að tjá sig um þau atriði. Ákærða kannaðist við Marvin Valdimarsson en hann væri gamall bekkjarfélagi hennar en neitaði að hafa selt honum fíkniefni. Ákærða heimilaði lögreglu að skoða bankareikninga sína en hún sagðist skulda yfirdrátt upp á rúmlega tvö hundruð þúsund auk einhverra annarra skulda sem væru óverulegar.

Ákærða gaf aftur skýrslu hjá lögreglu þann 22. mars 2004. Var þar ákærða innt eftir því hvort hún kannaðist við orð eins og „gonsi, kúla, bolti, stuð, rólegheit, jóli, hrað, bútur, sales og ferrari“ en hún ýmist neitaði að tjá sig eða sagðist ekki kannast við umrædd heiti. Ákærða gaf aftur skýrslu fyrir lögreglu þann 24. mars 2004. Var þá framburður Bjarnþórs Sigurðssonar kynntur fyrir ákærðu þar sem hann segist hafa keypt af ákærðu kannabisefni nokkrum sinnum og greitt henni með peningum inn á bankareikning hennar. Neitaði hún þar að tjá sig. Voru upptökur úr síma ákærðu spilaðar fyrir hana þar sem hún er sögð ræða við Björn Sveinsson, Marvin Valdimarsson og upptökur úr bifreið hennar um afhendingar á fíkniefnum í nokkur skipti en ákærða neitaði ýmist að tjá sig um það eða að hún kannaðist ekki við meint samskipti.

Ákærða kom fyrir dóminn og sagðist þekkja ákærða Guðmund vel. Kannaðist hún við að snyrtitaska hennar hafi verið inná heimili ákærða Guðmundar en mundi ekki eftir því hvenær taskan fór þangað. Neitaði ákærða því að hún kannaðist við nokkur eiturlyf í henni.

Ákærða neitaði að kannast við að hafa selt vitninu Trausta Ægi fíkniefni. Sagðist ákærða ekkert þekkja vitnið en kannast lítillega við það. Hún hafi einu sinni komið heim til hans til að sækja vídeóspólu.

Ákærða neitaði að hafa selt Birni Sveinssyni 3 grömm af amfetamíni 13. mars 2004.

Ákærða neitaði sök í öllum ákæruliðum í II kafla ákærunnar lið a-k.

Aðspurð um símanúmerið 849-1001 hvort hún kannaðist við það sagðist hún hafa haft það fyrir mörgum árum.

Aðspurð um innlegg á bankareikninga gat ákærða ekki svarað því hvers vegna mismunandi einstaklingar voru að leggja inná reikninga hennar en hún kannaðist við marga þá einstaklinga. Sagði hún þau innlegg ekki tengjast fíkniefnasölu.

Vitnið Trausti Ægir Ólafsson kt. 000000-0000, Reykjabraut 8, Þorlákshöfn, gaf skýrslu hjá lögreglu. Sagðist hann hafa keypt tvö grömm af hassi af ákærðu Dagbjörtu um einni mínútu áður en lögreglan kom heim til hans þann 19. mars sl. Hafi hann haft símasamband við ákærða Guðmund Ívan og spurt hann hvort hann ætti hass. Ákærði hafi svarað því játandi og minnti vitnið að ákærði Guðmundur hafi ætlað að koma með hassið sjálfur. Síðan hafi ákærða Dagbjört komið óvænt inn í herbergi til sín og þegar vitnið spurði hana hvort hún væri með þetta þá hafi ákærða sýnt sér tvö grömm af hassi. Vitnið hafi greitt henni fyrir það með fimm þúsund krónum. Neitaði vitnið að hafa keypt fikniefni áður af ákærðu Dagbjörtu en það hefði fengið fikniefni hjá ákærða Guðmundi sem sé kærasti ákærðu Dagbjartar. Hann hafi þó fengið fikniefni meira áður fyrr hjá ákærða Guðmundi eða í kringum það skiptið sem lögreglan handtók ákærða fyrir um það bil mánuði. Vitnið sagðist hafa þekkt ákærða Guðmund í nokkur ár en ákærðu Dagbjörtu segist vitnið hafa kynnst þegar hún var heima hjá ákærða Guðmundi.

Símaskýrsla var tekin af vitninu Trausta fyrir dómi. Aðspurt um það hvort vitnið hafi keypt fikniefni af ákærðu Dagbjörtu þá staðfesti vitnið það. Minnti vitnið að grammið hafi kostað um tvö þúsund krónur. Vitnið sagðist þekkja ákærðu mjög lítið en ákærði Guðmundur og vitnið hafi verið ágætir kunningjar. Sagði vitnið að það hafi hitt ákærðu Dagbjörtu nokkrum sinnum heima hjá ákærða Guðmundi.

Vitnið Björn Sveinsson kt. 000000-0000, Birkivöllum 13, Árborg gaf skýrslu hjá lögreglu þann 19. mars 2004. Sagði vitnið að ákærða Dagbjört væri góður kunningi sinn. Í fyrstu neitaði vitnið því að hafa fengið fikniefni hjá ákærðu Dagbjörtu en eftir að vitninu höfðu verið kynntar upptökur úr símtölum við það úr síma hennar þann 19. febrúar og 13. mars viðurkenndi vitnið að hafa keypt af ákærðu fikniefni í þessi tvö skipti. Þann 19. febrúar hafi ákærða komið að kvöldi til að heimil þess og afhent því, eftir að vitnið hafði haft símasamband við hana og pantað 7-8 e-töflur og 2 grömm af amfetamíni. Þann 13. mars hafi vitnið haft símasamband við ákærðu sem hafi síðan um kvöldið komið að heimili vitnisins og afhent því 3 grömm af amfetamíni sem vitnið sagðist hafa neytt eitt síns liðs. Kvaðst vitnið skulda ákærðu um það bil tuttugu og fimm þúsund krónur vegna þessara efna. Hafi ákærða selt e-töfluna á um það bil tvö þúsund krónur og grammið af amfetamíni á um það bil fjögur þúsund krónur. Sagðist vitnið hafa keypt fikniefni áður af ákærðu en vildi ekki tjá sig frekar um það.

Fyrir dómi sagði vitnið Björn Sveinsson starfa af og til á vídeóleigu. Ákærði kvaðst þekkja Dagbjörtu vel. Vitnið neitaði því fyrir dómi að hafa keypt fikniefni af ákærðu Dagbjörtu. Aðspurður um það hvort vitnið skuldaði ákærðu vegna fikniefnakaupa neitaði vitnið því. Vitnið kannaðist við undirritun sína á lögregluskýrslu sem það gaf hjá lögreglu. Sagði vitnið að það hafi borið rangt fyrir lögreglu á sínum tíma, það sé rangt að ákærða hafi selt vitninu fikniefni. Vitnið hafi verið dauðadrukkið þegar það gaf umrædda skýrslu hjá lögreglunni. Vitninu var bent á alvarleika þess að bera fólk röngum sökum og sagðist vitninu vera það vel ljóst. Vitnið sagðist hafa reynt að fá lögmann sinn til að draga framburð sinn til baka en það hafi ekkert verið gert í því. Vitnið sagðist hafa neytt fikniefna áður en væri hættur því nú. Dró vitnið allan framburð sinn til baka sem það gaf fyrir lögreglunni þann 19. mars 2004. Ákærði neitaði að hafa nokkurn tíma keypt fikniefni af ákærða Guðmundi.

Vitnið Marvin Valdimarsson, kt. 000000-0000, Heiðarvegi 12, Árborg gaf skýrslu hjá lögreglunni 20. mars 2004. Sagði vitnið að það hefði hringt í ákærðu Dagbjörtu laugardaginn 13. mars 2004 líklega á tímabilinu 20.00 til 21.00 og spurt hvort hún ætti bolta, körfubolta, sem eru e-töflur. Hafi ákærða Dagbjört sagt að hún ætti það ekki til og vitnið hafi þá spurt ákærðu hvort hún ætti eitt til tvö slög af amfetamíni og ákærða hafi svarað því játandi. Ákærða hafi svo komið heim til vitnisins um kl. 21.30 til 22.00 um kvöldið. Kvaðst vitnið hafa farið út í bifreið ákærðu sem var BMW, sest í aftursæti bifreiðarinnar og spurt ákærðu að nýju hvort hún ætti ekki e-töflur eða vissi um einhvern sem ætti slíkt. Ákærða hafi svarað neitandi að hún ætti e-töflur en hún hafi verið með amfetamín til sölu og tvö grömm hafi átt að kosta tíu þúsund krónur. Það fannst vitninu of dýrt og hætti við að eiga viðskipti við ákærðu í það sinn.

Fyrir dómi sagði vitnið Marvin að ákærða hefði aldrei selt sér fíkniefni. Sagðist vitnið hafa gefið skýrslu hjá lögreglu ofurölvi og myndi lítið eftir því. Vitnið staðfesti undirritun sína á lögregluskýrslunni sem það gaf hjá lögreglu þann 20. mars 2004. Aðspurtt sagðist vitnið ekki hafa sagt það fyrir lögreglu að það hafi keypt fíkniefni af ákærðu, það standist ekki. Það eina sem vitnið sagðist geta sagt væri að það hefði verið dregið út úr partýi, farið með það uppá lögreglustöð og haft þar í mjög langan tíma. Sagðist vitnið halda að það hafi bara sagt það sem lögreglan vildi að það segði. Sagðist vitnið ekkert muna eftir kvöldinu þegar það gaf lögregluskýrsluna. Ákærði las dómskjal. IV-3 bls. 1-2, lögregluskýrslu er það gaf fyrir lögreglu. Staðfesti vitnið að það hafi ekki keypt fíkniefni af ákærðu. Sagði vitnið að þetta stæði í skýrslunni en það gæti ekki staðfest það sem í skýrslunni stæði, vitnið hafi verið drukkið og það myndi ekkert eftir skýrslugerðinni. Vitnið var óljóst í svörum og ítrekaði að það myndi ekkert eftir málinu.

Vitnið Bjarnþór Sigurðsson kt. 000000-0000, Þrastarríma 27, Árborg gaf skýrslu hjá lögreglu 24. mars 2004. Kvaðst vitnið hafa af og til keypt kannabísefni af ákærðu Dagbjörtu sem hún hafi afhent vitninu í eigin persónu. Kvaðst vitnið að jafnaði hafa borgað ákærðu þrjú þúsund krónur fyrir grammið af hassi en stundum tvö þúsund og fimm hundruð og stundum þrjú þúsund og fimm hundruð krónur. Kvaðst vitnið vera að greiða skuldir við ákærðu og hafa síðast lagt inn á reikning hennar í byrjun mánaðarins sex þúsund og fimm hundruð krónur. Síðast lagði vitnið sex þúsund krónur inn á reikning ákærðu þann 19. mars 2004.

Fyrir dómi kannaðist vitnið ekki við að hafa keypt fíkniefni af ákærðu. Vitnið viðurkenndi að hafa neytt fíkniefna áður fyrr en væri hætt því nú. Aðspurtt um það hvort vitnið hafi greitt ákærðu tvö þúsund og fimm hundruð til þrjú þúsund og fimm hundruð þá kannaðist vitnið ekki við það. Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir því að hafa gefið slíkan vitnisburði hjá lögreglu. Vitnið sagði stundum hafa fengið lánaða peninga hjá ákærðu og greitt það til baka með millifærslum. Engin sérstök ástæða hafi legið að baki því að vitnið hafi borið fyrir lögreglu að það hafi keypt fíkniefni af ákærðu. Aðspurður um það hvort það sem ákærði bar fyrir lögreglu 24. mars 2004 hafi verið rétt þá neitaði ákærði því. Vitnið staðfesti að það hefði borið ranglega fyrir lögreglu á sínum tíma.

Vitnið Jón Hlöðver Hrafnsson rannsóknarlögreglumáður kom fyrir dóminn.

Var borið undir vitnið að tvö vitni hefðu komið fyrir dóminn, Björn og Marvin sem hafi borið því við að þau hefðu gefið skýrslu í umræddu máli og verið dauðadrukkin við skýrslugjöfina. Sagði vitnið að farið hefði verið heim til Björns þar sem Marvin var einnig, þeir verið handteknir og færðir á lögreglustöð. Neitaði vitnið því að umrædd vitni hafi verið ölvuð. Sagði vitnið að ölvadir menn væru ekki yfirheyrðir. Aðspurt um það hvort einhver ölvunaráhrif hafi sést á vitnunum sagði vitnið að svo hafi ekki verið.

Vitnið Elís Kjartansson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn. Aðspurt um það hvort hann myndi eftir skýrslutökum yfir vitnunum Birni og Marvin játti vitnið því. Aðspurt um það hvort umrædd vitni hafi verið ölvuð þegar skýrslur voru teknar af þeim að kvöldi 19. mars og rétt eftir miðnætti þann 20. mars 2004 sagði vitnið að svo hafi alls ekki verið. Ef svo hefði verið þá hefðu vitnin verið geymd á lögreglustöðinni til morguns. Vitnið sagðist muna að þegar þessi tvö vitni voru sótt í skýrslutöku hafi þau ekki verið ölvuð.

Niðurstöður:

Ákærða Guðmundi er gert að sök í ákærulið I a í málinu S-180/2006 að hafa haft í vörslum sínum 11,64 grömm af hassi sem fundust í snyrtitösku ákærðu Dagbjartar þann 19. mars 2004, 4,29 grömm af amfetamíni sem fundust í frystihólfi ísskáps og 0,58 grömm af tóbaksblönduðu hassi sem ákærði framvísaði við leit lögreglu.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft ofangreind fikniefni undir höndum en neitað því að þau væru til sölu og dreifingar. Ákærði sagði aðspurður fyrir dómi að hann neytti ekki fikniefna í dag en hafi gert á þessum tíma. Ákærða Dagbjört neitaði því fyrir dómi að hafa nokkurn tímann neytt fikniefna svo ekki hafi þessi efni verið ætluð þeim báðum til eigin neyslu. Verður því að telja, þrátt fyrir neitun ákærða að ofangreint magn sé svo mikið að afar ólíklegt sé að það hafi verið til eigin neyslu. Auk þess fannst hjá ákærða tölvuog og pakkningar sem ætla má og þekkt er að sé notað við pökkun og dreifingu á fikniefnum. Verður því að telja, svo hafið sé yfir allan vafa að ákærði hafi haft umrædd fikniefni í vörslum sínum í þeim tilgangi að dreifa þeim og selja. Verður ákærði Guðmundur sakfelldur fyrir þá verknaðarlýsingu.

Ákærði Guðmundur er borinn þeim sökum að hafa selt Trausta Ægi Ólafssyni í sömu ákæru og ofan greinir þann 19. mars 2004, 1,70 grömm af hassi fyrir fimm þúsund krónur en ákærða Dagbjört hafi afhent þau að beiðni ákærða Guðmundar. Ákærði hefur alla tíð neitað sök hvað þennan ákærulið varðar. Í símtali á milli ákærðu Guðmundar og Dagbjartar þann 19. mars kl. 17:44 biður ákærði Guðmundur Dagbjörtu um að kíkja á Trausta fyrir sig, hann hafi gleymt spólu þar, „Blow“. Ákærði spyr Dagbjörtu hvort hún hafi litið á spóluna og hvort hún væri góð o.s.frv. Fyrir dómi hafa þau bæði fullyrt að ákærða hafi verið að sækja umrædda spólu. Hefur því ekki verið færð fram lögfull sönnun um að ákærði hafi átt þátt í því að ákærða fór með umrædd fikniefni að heimili Trausta, þrátt fyrir framburð Trausta og ber því að sýkna ákærða af þeim ákærulið.

Ákærða Guðmundi er gefið að sök í sömu ákæru, kafla I, c, að hafa selt Birni Sveinssyni 13. mars 2004, þrjú grömm af amfetamíni og afhent þau að beiðni ákærðu Dagbjartar. Ákærði Guðmundur neitaði sök bæði fyrir lögreglu og dómi. Þau gögn sem lögð hafa verið fram til sönnunar á þessum ákærulið er útdráttur úr símtölum á milli Björns Sveinssonar, ákærða Guðmundar og ákærðu Dagbjartar. Þau samtöl verða ekki talin svo óyggjandi sé, lögfull sönnun fyrir því að ákærði hafi séð um þau fíkniefnaviðskipti sem áttu sér stað í það skipti. Verður því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

Ákærða er gefið að sök í máli S-185/2006 að hafa síðdegis fimmtudaginn 12. janúar 2006 haft í vörslu sinni í bifreiðinni RK-562 á rampi við gatnamót Þorlákshafnarveggar og Eyrarbakkaveggar, alls 2,91 grömm af hassi og að hafa á sömu stund og stað afhent X, ofangreind fíkniefni gegn 4.500 kr. greiðslu. Ákærði neitaði sök. Við þingfestingu í því máli játuðu X og Y að hafa keypt ofangreind fíkniefni af ákærða í umrætt sinn. Ákærði Guðmundur var ekki handtekinn fyrir en síðar um daginn á vinnustað sínum en engin afskipti voru höfð af honum í það skipti sem lögreglan taldi hann vera að afhenda umrædd fíkniefni. Ekkert liggur frammi í málinu annað en játning X og Y fyrir dómi sem átti séð stað áður en aðalmeðferð hófst. Vitni þessi voru ekki leidd fyrir dóminn og þykir játning þeirra um sitt eigið brot fyrir öðrum dómara ekki næg sönnun fyrir broti ákærða en hvorki sakflytjendur né dómarrinn höfðu tök á að spyrja vitnin um þetta atriði. Verður að þessu leyti kröfum um milliliðalaus málsmeðferð ekki fullnægt og ber að sýkna ákærða af þessum ákæruliðum.

Ákærðu Dagbjörtu er gefið að sök í málinu S-180/2006 að hafa haft í vörslum sínum fíkniefni á heimili meðákærða eins og fram kemur í ákærulið 1.a. Ákærða kannaðist við að hafa geymt fíkniefni í umræddri snyrtitösku á heimili ákærða Guðmundar þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu en fyrir dómi neitaði hún að kannast nokkuð við umrædd fíkniefni svo og önnur fíkniefni sem hún er ákærð fyrir að hafa haft undir höndum í ákærulið I.a í þeim tilgangi að dreifa og selja í hagnaðarskyni. Ákærði Guðmundur sagði fyrir lögreglu að hann hefði sett umrædd fíkniefni í tösku ákærðu og fyrir dómi bar hann á sama veg. Verður því ekki talið sannað að ákærða hafi átt eða tekið þátt í því að geyma 11,64 grömm af hassi sem fundust í snyrtitösku hennar á heimili ákærða Guðmundar þann 19. mars 2004 eða önnur fíkniefni sem fundust á heimili ákærða Guðmundar og ber því að sýkna hana af þeim ákærulið.

Ákærðu er gert að sök í b lið ákærunnar að hafa selt Trausta Ægi Ólafssyni 1,70 grömm af hassi fyrir fimm þúsund krónur þann 19. mars 2004 á heimili Trausta. Þrátt fyrir neitun ákærðu og fullyrðingar hennar um að hún hafi verið að sækja þangað vídeospólu þá þykir komin lögfull sönnun um að hún hafi selt umrædd fíkniefni í greint sinn en vitnið Trausti hefur bæði fyrir lögreglu og dómi viðurkennt að hafa keypt hass af ákærðu í umrætt sinn svo og að lögregla handtók ákærðu með fimm þúsund krónur fyrir utan heimili vitnisins. Þrátt fyrir að hafa ætlað að sækja spólu að heiti „Blow“ þá var hún ekki með neina spólu í fórum sínum. Er því framburður hennar um þennan ákærulið afar ótrúverðugur og þykir lögfull sönnun komin um að ákærða hafi brotið af sér eins og greinir í þessum lið ákærunnar og ber að sakfella hana fyrir það.

Ákærðu er gefið að sök í c lið I. kafla ákærunnar að hafa 13. mars 2004 selt Birni Sveinssyni þrjú grömm af amfetamíni, efni sem ákærði Guðmundur átti að hafa afhent að beiðni ákærðu. Ákærða hefur neitað þessu. Fyrir dóminum liggur skýrsla gefin af Birni Sveinssyni þann 19. mars 2004 hjá lögreglu þar sem hann viðurkennir að hafa keypt þessi fíkniefni af ákærðu. Sá framburður hans fær stuðning í upptökum af símtölum milli ákærðu og vitnisins þann 13. mars 2004. Vitnið Björn dró framburði sinn til baka hér fyrir dómi og fullyrti að hann hefði verið ofurölvi við þá skýrslutöku. Lögreglumennirnir Elís Kjartansson og Jón Hlökkver Hrafnsson sem tóku umrædda skýrslu af vitninu Birni komu fyrir dóminn. Fullyrtu þeir báðir að vitnið Björn hefði ekki verið drukkið þegar umrædd skýrslutaka fór fram. Í ljósi þessa verður að draga í efa að fráhrarf vitnisins frá fyrri framburði sínum sé trúverðugur hvað þetta varðar. Í þeim símtölum sem tekin voru upp á milli ákærðu, ákærða Guðmundar og Björns þann 13. mars 2004 milli kl. 14:54 og 16:45, kemur fram að ákærða „eigi hraða fyrir austan og segir að það sé ekkert mál að redda honum þremur slögum þegar hann biðji um það, Ívan er beðinn um að fara til Bjössa í videóleiguna og láta hann hafa þrjá, hann eigi að vita hvað hún er að tala um, vitnið biður um að bæta þessu við skuldina.“ Þrátt fyrir að vitnið Björn hafi dregið vitnisburð sinn til baka þá þykir með stoð í ofangreindum símtölum vera svo miklar líkur á, að hafið sé yfir allan vafa, að ákærða hafi selt vitninu þau fíkniefni sem um ræðir, að sakfella beri hana fyrir þá háttsemi.

Ákærðu er gefið að sök í máli S-180/2006, ákæruliður II. a, að hafa selt vitninu Bjarnþóri nokkur grömm af hassi og afhent honum. Ákærða hefur neitað þessu. Hjá lögreglu bar vitnið Bjarnþór að hann hafi keypt af ákærðu kannabisefni nokkrum sinnum og hún afhent honum. Fyrir dómi neitaði vitnið alfarið að hafa keypt fíkniefni af ákærðu og sagðist hafa borið rangar sakir á hana hjá lögreglu. Gegn neitun ákærðu, framburði vitnisins og því að engin önnur gögn styðja þennan ákærulið verður að sýkna ákærðu af þeim sökum.

Í ákærulið II.b er ákærðu gert að sök að hafa selt Arndísi e-töflu þann 21. febrúar 2004 og boðist til að útvega henni fleiri. Arndís þessi hefur ekki komið fyrir dóminn né skýrsla verið tekin af henni hjá lögreglu. Engin gögn styðja þennan ákærulið nema hljóðritað símtal og eru orðaskipti þannig í því símtali að ekki telst sannað svo hafið sé yfir allan vafa að um fíkniefnaviðskipti hafi verið að ræða. Ber því að sýkna ákærðu af þessum lið.

Í ákærulið II.c er ákærðu gert að sök að hafa samið við ónafngreindan pilt um að selja honum og afhenda 20 e-töflur þann 11. febrúar 2004 sem ákærða hafi haft í vörslum sínum. Ákærða hefur neitað sök og ekkert liggur annað fyrir í málinu en símtal ákærðu og pilts sem ekki er vitað hver er. Leiða má líkur að því að um fíkniefnaviðskipti hafi verið að ræða í umræddu símtali en á því einu verður ekki sakfellt þar sem engin önnur gögn styðja þennan ákærulið. Ber því að sýkna af þeim sökum.

Í ákærulið II. d er ákærðu gert að sök að hafa í símtali þann 13. febrúar 2004 kl. 22:07, við vitnið Björn Sveinsson, ætlað að selja honum 10 e-töflur sem ákærða hafði í vörslu sinni og afhenda vitninu við heimili hans að Birkivöllum 13 á Selfossi laust eftir miðnætti þann 14. febrúar. Engin gögn eru í málinu sem styðja þennan ákærulið. Vitnið Björn var ekki inntur eftir þessu tilviki í yfirheyrslum hjá lögreglu þann 19. mars 2004 og einu gögnin sem liggja fyrir dóminum eru

upptökur af tveimur símtölum ákærðu og vitnisins. Má leiða líkur að því að um fíkniefnaviðskipti hafi verið að ræða í þeim símtölum en ekki svo að fram sé komin nægjanleg sönnun svo sakfelld verði fyrir. Ber því að sýkna ákærðu af þessum lið.

Í ákærulið II. e er ákærðu gert að sök að hafa boðið ónafngreindum pilti amfetamín þann 14. febrúar 2004 sem ákærða hafði í vörslu sinni. Ósannað er að ákærða hafi haft umrædd fíkniefni í vörslu sinni eins og í ákæru greinir en engin gögn né vitnisburður liggur fyrir dóminum utan upptöku af símtali þann 14. febrúar 2004. Má af því símtali draga þá ályktun að rætt sé um fíkniefnaviðskipti en á því verður ekki byggt né sakfelld. Ber því að sýkna ákærðu af þeim ákærulið.

Í ákærulið II. f er ákærðu gert að sök að hafa haft 14. febrúar 2004 í vörslu sinni amfetamín sem ákærða bauð vitninu Birni Sveinssyni til kaups í símtali. Ákærða neitar sök og vitnið hefur einnig neitað sök. Engin frekari gögn styðja þennan ákærulið og þó svo að umrætt símtal bendi til að um fíkniefnaviðskipti hafi verið að ræða þá er það ekki nægjanlegt til að lögfull sönnun sé fram komin. Ber því að sýkna ákærðu af þessum ákærulið.

Í ákærulið II. g er ákærðu gert að sök að selja stúlku að nafni Hildur sex e-töflur 15. febrúar 2004, sem ákærða á að hafa afhent við Berjaríma 14 í Reykjavík. Ákærða neitar sök. Í málinu liggur fyrir upptaka af símtali milli ákærðu og Hildar. Af símtalinu má ráða að um fíkniefnaviðskipti hafi verið að ræða en þrátt fyrir það verður að telja að ekki liggi fyrir lögfull sönnun þar sem símtalið er ekki stutt neinum öðrum gögnum. Ber því að sýkna ákærðu af þeim ákærulið.

Í ákærulið II. h er ákærðu gert að sök að hafa 19. febrúar 2004, selt vitninu Birni Sveinssyni 7-8 e-töflur og 2 grömm af amfetamíni og afhent efnin á heimili vitnisins að Birkivöllum 13, Selfossi. Fyrir dóminum liggja engin gögn þessum ákærulið til stuðnings nema lögregluskýrsla vitnisins Björns sem hann dró til baka fyrir dóminum. Ekki er að finna í símaupptökum samtali þessu til stuðnings. Ber því að sýkna ákærðu af þessum ákærulið.

Í ákærulið II. i er ákærðu gert að sök að hafa 24. febrúar 2004 boðið ónafngreindum pilti til kaups amfetamín og hass í símtali og að hafa þá haft í vörslu sinni um fimm grömm af hassi. Í þeim gögnum sem liggja fyrir dóminum er eingöngu afrit af símaupptöku þar sem má ætla að verið sé að ræða um fíkniefni en enganvegin svo að þar teljist fram komin lögfull sönnun um sekt ákærðu. Ber því að sýkna hana af þessum ákærulið.

Í ákærulið II. j er ákærðu gefið að sök að hafa 27. febrúar 2004 selt ónafngreindum karlmanni þrjú grömm af amfetamíni á 15. þúsund krónur. Í þeim gögnum sem liggja fyrir dóminum er eingöngu afrit af upptöku úr bifreið þar sem má ætla að verið sé að ræða um fíkniefni en enganvegin svo að þar teljist fram komin lögfull sönnun um sekt ákærðu. Ber því að sýkna hana af þessum ákærulið.

Í ákærulið II. k er ákærðu gefið að sök að hafa 13. mars 2004 boðið Marvín Valdimarssyni amfetamín til kaups sem ákærða hafði í vörslu sinn í bifreið við Engjaveg á Selfossi. Í afritum af símtölum ákærðu og vitnisins kemur fram að þau tala saman kl. 19:05 og spyr vitnið ákærðu hvort hann geti fengið „eitt“ og spyr einnig um verðið á „jóna“. Segist ákærða ræða betur við vitnið þegar hún komi á Selfoss. Klukka 20:48 sama dag ræða þau saman aftur í síma og segist ákærða þá

vera á leiðinni á Selfoss. Vitnið spyr ákærðu hvort hún sé með „körfubolta eða jóla.“ Ákærða segist bara vera með „hraða“ og vitnið segir að það dugi. Hjá lögreglu sagði vitnið að það hefði hringt í ákærðu á tímabilinu 20:00 til 21:00 og spurt hvort hún ætti „bolta, körfubolta“ sem séu e-töflur. Ákærða hafi neitað því en játað því að eiga tvö slög af amfetamíni. Ákærða hafi síðan verið komin heim til vitnisins um kl. 21:30 til 22:00 og vitnið þá farið í bifreið ákærðu. Ekki hafi orðið af kaupunum þar sem vitninu fannst verðið of hátt. Fyrir dómi neitaði vitnið að hafa keypt fíkniefni af ákærðu en eftir að hafa lesið lögregluskýrsluna varð frásaga vitnisins óljós þar til hann fullyrti að hann myndi ekkert eftir því þegar hann gaf lögregluskýrsluna. Var vitnisburður vitnisins fyrir dómi ótrúverðugur en með stöð í lögregluskýrslu svo og þeim símtölum sem fram fóru á milli ákærða og vitnisins og sérstaklega með hliðsjón af því að símaupptökurnar voru ekki kynntar fyrir vitninu í skýrslutökunni hjá lögreglu þegar vitnið skýrir frá tímasetningum og símtölunum við ákærðu þá verður að meta það svo að nægjanleg sönnun sé komin fram um að ákærða hafi gerst brotleg eins og í þessum ákærulið greinir. Er þá litið til þess að tímasetningar og orðanotkun sem vitnið segist hafa notað í lögregluskýrslunni kemur heim og saman við tímasetningar og orðnotkun í símtölum þeirra. Ber því að sakfella ákærðu fyrir þennan ákærulið.

Rannsókn lögreglu í málinu S-180/2006 hófst í janúar 2004 og lauk í lok mars 2004. Þau brot sem ákært er fyrir í 14 ákæruliðum voru framin innan þess tíma. Ekki er að sjá af gögnum málsins að um frekari aðgerðir hafi verið að ræða af hálfu lögreglunnar í því máli og hefði málið þá átt að vera tilbúið til útgáfu ákæru. Vekur þó athygli dómsins að 11. maí 2004 gerir ákærði Guðmundur Ívan lögreglustjórassátt hjá sýslumanninum á Selfossi vegna brota á fíkniefnalöggjöfinni. Var þetta mál sem þá var fullrannsakað ekki sameinað því máli.

Samkvæmt sakavottorði sem liggur frammi í málinu gerði ákærði Guðmundur Ívan sátt hjá sýslumanninum á Selfossi þann 21. ágúst 1996 vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni. Þann 18. febrúar 2000 gekkst ákærði undir viðurlagaákvörðun í Héraðsdómi Suðurlands vegna brota á ávana- og fíkniefnalögum og 11. maí 2004 gerði ákærði sátt hjá sýslumanninum á Selfossi vegna brota á ávana- og fíkniefnalögum. Þann 1. apríl 2005 var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur, þar af 3 mánuði skilorðsbundna í 2 ár fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalögum.

Ákærði framdi brot þau sem sakfelld er fyrir nú áður en hann gekkst undir sátt hjá sýslumanninum á Selfossi þann 11. maí 2004 og áður en dómur féll í máli hans í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 1. apríl 2005. Með vísan til 78. gr. hegningarlaga verður ákærða Guðmundi gerður hegningarauki við sátt þá er hann gerði fyrir sýslumanninum á Selfossi þann 11. maí 2004 en rannsókn máls nr. S-180/2006 var þá lokið. Rannsókn máls þessa sem ákærðu eru sakfelld í nú, var lokið 24. mars 2004. Ekki er að sjá á gögnum málsins neina viðhlítandi skýringu á því hvers vegna dróst að gefa út ákæru þar til 21. febrúar 2006. Verður ákærða Guðmundi ekki gefinn að sök sá dráttur á málinu. Með hliðsjón af því magni sem fannst við húsleit hjá ákærða, og því að talið er sannað að eitthvað af þeim fíkniefnum hafi verið ætluð til sölu og dreifingar og sakarferli ákærða telst refsing ákærða hæfilega ákveðin 80.000.- krónur í sekt til ríkissjóðs sem ákærða ber að greiða innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms að telja, en sæta ella fangelsi í 6 daga.

Ákærða Dagbjört hefur samkvæmt sakarvottorði sem liggur frammi í málinu fengið ákærufrestun í júlí 1999 skilorðsbundið í 2 ár vegna brota á 246. gr. hegningarlaga. Hefur það brot ekki ítrekunaráhrif í þessu máli. Eins verður að horfa til þess að útgáfa ákæru hefur dregist óhóflega sem áærðu verður ekki gefið að sök.

Þykir refsing ákærðu því hæfilega ákveðin 60.000.- krónur í sekt til ríkissjóðs sem ákærðu ber að greiða innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms að telja, en ella sæta fangelsi í 6 daga.

Samkvæmt 6. gr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 ber að gera upptæk haldlögð 11.64 grömm af hassi, 4.29 grömm af amfetamíni og 0,58 grömm af tóbaksblönduðu hassi, haldlagða tölvuvog og plastpoka. Þá eru gerðar upptækar 5.000 krónur í peningum, sem er ólöglegur ágóði af sölu ákærðu á fíkniefnum.

Kröfu ákæruvaldsins um upptöku á 4.500.- krónum er hafnað.

Með vísan til 165. gr. sbr. 164. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar. Sakarkostnaður ákærðu Dagbjartar er samtals kr. 520.426.- Þar af ákvarðast málsvarnarlaun verjanda ákærðu, Sigurðar Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns samtals 494.446.- krónur bæði á rannsóknarstigi og við aðalmeðferð málsins og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Skal ákærða Dagbjört greiða 1/3 sakarkostnaðar eða samtals. 173.475.- krónur og 2/3 sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Guðmundur Ívan skal greiða 2/3 af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns sem ákvarðast 216.978.- krónur og hefur þá verið tekið tillit til ferðakostnaðar og virðisaukaskatts en 1/3 hluti skal greiddur úr ríkissjóði.

Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þenna.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Guðmundur Ívan Róbertsson, greiði 80.000.- krónur í sekt til ríkissjóðs en sæti ella fangelsi í sex daga.

Ákærði greiði 2/3 málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns 144.652.-krónur en 1/3 sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði sæti upptöku á 11,64 grömmum af hassi, 4,29 grömmum af amfetamíni og 0,58 grömmum af tóbaksblönduðu hassi, tölvuvog og plastpokum.

Ákærða Dagbjört Guðrún Rúnarsdóttir greiði 60.000.- krónur í sekt til ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms að telja en sæti ella fangelsi í átta daga.

Ákærða Dagbjört greiði 1/3 sakarkostnaðar krónur 241.950, þar af málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Sigurðar Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns kr. 164.815.- 2/3 hlutar sakarkostnaðar skal greiddur úr ríkissjóði.

Ákærða sæti upptöku á 5.000.-krónum í reiðufé.

Ástríður Grímsdóttir